



Hvaleyrarskóli

Skólaárið 2011-2012

Holtasel

Heilsdagsskóli

ÍTH



Hvaleyrarskóli

Skólaárið 2011-2012

Heilsdagsskólinn Holtasel, er fyrir nemendur í 1.-4. bekk Hvaleyrarskóla. Holtasel hefur umsjón með skipulagðri tómstundadagskrá fyrir börn við lok venjulegs skóladags. Þar af leiðandi gefst foreldrum kostur á að lengja viðveru barna sinna í skólanum eftir þörfum hvers og eins. Holtasel er opið frá því að skóla lýkur og til 17:00.

Markmið

Markmið Holtasels er að bjóða upp á skipulagða og metnaðarfulla tómstundadagskrá þar sem allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og hver einstaklingur fær að njóta sín. Mikilvægt er að skapa öruggt og uppeldislegt umhverfi fyrir börnin svo að foreldrar og börn séu örugg. Holtasel leggur mikla áherslu á að þau fái að stjórna sínum eigin frítíma að vissu marki. Valtafla sem hefur verið tekin í notkun stuðlar að sjálfstæði, lýðræði og eflir félagslegan þátt barnanna, en þar fá þau að velja sér tómstund til að iðka.

Starfsfólk leitast við að leiðbeina börnunum í leikjum og ýmisskonar klúbbastarfi. Hver starfsmaður sér um klúbb, en alls eru sex klúbbar í Holtaseli en þeir eru: Fótboltaklúbbur, íþróttaklúbbur, perluklúbbur, litaklúbbur, tölvuklúbbur og þrjónaklúbbur. Hver klúbbur er einu sinni í viku, bæði fyrir og eftir síðdegishressingu.

Hvaleyrarskóli

Skólaárið 2011-2012

Innritun

Sótt er um fyrir barn á www.hafnarfjordur.is inn á íbúðargáttinni en þar gefur forráðamaður upp tímafjölda sem óskað er eftir fyrir barn. Barn má aðeins mæta þá daga sem sótt er um og búið er að samþykkja af verkefnastjóra. Breytingar og nýskráningar þurfa að berast fyrir 15. hvers mánaðar og taka gildi 1. næsta mánaðar þar á eftir. Foreldrar/forráðamenn borga fyrirfram fyrir vistun barns í Holtaseli.

Dæmi: Sótt er um breytingar á tíma 12. sept og taka þær gildi 1. okt.

Kostnaður

Greiðsla er innheimt með greiðsluseðli, vanskil á gjaldi fyrir heilsdagsskólann getur leitt til að barn missir pláss sitt. Samræmt gjald er fyrir heilsdagsskóla í Hafnafirði. Lágmarksgjald er 4.460 kr. á barn, það er fyrir 20 tíma, hver umfram klst. er svo 223 kr. ofan á lágmarksgjaldið. Hressing kostar 170 kr. á dag og er skylduáskrift fyrir þau börn sem eru lengur en til 14:30. Veittur er systkinaafsláttur sem hér segir:

1. Fyrir 1 barn greiðist fullt gjald.
2. Fyrir 2 börn er veittur 25% afsláttur.
3. Fyrir 3 börn og fleiri er veittur 50% afsláttur.
4. Ávallt skal greiða fullt gjald fyrir það barn sem er með flesta tíma og 75% fyrir það næsta o.s.frv.

Á skipulagsdögum og foreldradögum er heilsdagsskólinn opinn frá 8:00-17:00 og borgað er aukalega fyrir þann viðbótartíma sem óskað er eftir. Lokað er þegar vetrarfrí er í skólanum. Skráning á vistun þessa daga þarf að tilkynna til verkefnastjóra með þriggja daga fyrirvara eða þegar auglýst er.

Hvaleyrarskóli

Skólaárið 2011-2012

Mætingar

Ef barnið kemur ekki í heilsdagsskólann vegna veikinda eða annarra ástæðna eru foreldrar vinsamlegast beðnir að láta starfsfólk heilsdagsskóla vita. Allar upplýsingar sem þurfa að komast til skila þurfa að fara í gegnum starfsfólk heilsdagsskólans. Ef barn má sleppa að fara í Holtasel á að hringja í starfsfólk eða skrifa miða. Skilaboð frá börnum eru ekki tekin gild.

Það er nauðsynlegt af öryggisástæðum fyrir starfsmenn að hafa upplýsingar um það hvort að barninu sé heimilt að ganga eitt heim þegar dvalartíma lýkur. Biðjum við foreldra um að merkja við á innritunarblaðinu hvernig þessu verður háttað. Ef breytingar verða á þessu verða foreldrar að láta starfsfólk vita.

Afmælisboð

Ef á að halda afmælisboð eða veislu sem er á heilsdagsskólatíma þá er nauðsyn að senda verkefnastjóra tölvupóst, hringja eða senda barn með miða sem útskýrir að það muni fara fyrir heim.

Minnisatriði

- Brýnið fyrir barninu að fara beint í Holtasel þegar skólatíma lýkur.
- Látið vita ef brugðið er út af skráðum vistunartíma.
- Látið starfsfólk ávallt vita þegar þið sækið barnið.
- Klæðið börnin með tilliti til veðráttu.
- Merkið fatnað vel.
- Gott er að hafa aukasett af sokkum og buxum í töskunni.

Hvaleyrarskóli

Skólaárið 2011-2012

Starfsfólk Holtasels


Starfsmenn Holtasels eru 7 talsins og öll hafa þau gaman af að starfa með börnum og hafa mismunandi bakgrunn bæði í íþróttum og tómstundum af öllu tagi.

Hér fyrir neðan má sjá myndir af starfsfólki Holtasels.



Hvaleyrarskóli

Skólaárið 2011-2012



Ágúst
Fristundaleiðbeinandi



Fanndís
Fristundaleiðbeinandi



Emil
Fristundaleiðbeinandi



Þórdís Lilja
Aðstoðar verkefnastjóri

Hvaleyrarskóli

Skólaárið 2011-2012



Kristín Ómarsdóttir

Verkefnastjóri

Verkefnastjóri Holtasels er Kristín Ómarsdóttir, tómstunda- og félagsmálafræðingur. Hægt er að hafa samband við hana á kristinomars@hafnarfjordur.is eða í síma **534-0200** eða **664-5778**.

Nánari upplýsingar er að finna á www.hvaleyrarskoli.is eða á www.ith.is

Með von um góðan vetur ☺

Kristín Ómarsdóttir